

# Útlendingastofnun

Ársskýrsla 2017

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....   | 2  |
| Mannauður .....   | 3  |
| Kyn og menntun starfsmanna Útlendingastofnunar í árslok 2017 .....                        | 3  |
| Fjármál og rekstur .....  | 4  |
| Rekstraryfirlit fjárlagaliðar 06-398 Útlendingastofnun .....                              | 4  |
| Sundurliðun útgjalda fjárlagaliðar 06-398 Útlendingastofnun árið 2017 .....               | 4  |
| Rekstraryfirlit fjárlagaliðar 06-399 Hælisleitendur .....                                 | 5  |
| Sundurliðun útgjalda fjárlagaliðar 06-399 Hælisleitendur árið 2017 .....                  | 5  |
| Helstu kostnaðarliðir aðkeyptrar þjónustu á fjárlagalið 06-399 Hælisleitendur í m.kr..... | 6  |
| Dvalarleyfi.....  | 7  |
| Umsóknir og ákvarðanir um dvalarleyfi 2015-2017 .....                                     | 7  |
| Uppruni umsækjenda um dvalarleyfi 2017, tíu stærstu hóparnir.....                         | 7  |
| Kyn og aldur umsækjenda um dvalarleyfi 2017 .....   | 8  |
| Afgreiddar umsóknir um dvalarleyfi eftir tegundum 2017 .....                              | 8  |
| Útgefin aðstandendaleyfi eftir tegundum og kyni 2017 .....                                | 9  |
| Afgreiddar umsóknir um aðstandendaleyfi eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir.....    | 9  |
| Útgefin námsmannaleyfi eftir tegundum og kyni 2017 .....                                  | 10 |
| Afgreiddar umsóknir um námsmannaleyfi eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir.....      | 10 |
| Útgefin dvalarleyfi á grundvelli atvinnu eftir tegundum og kyni 2017 .....                | 11 |
| Afgreiddar umsóknir um atvinnuleyfi eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir.....        | 11 |
| Alþjóðleg vernd .....   | 12 |
| Umsóknir og ákvarðanir um alþjóðlega vernd 2015-2017 .....                                | 12 |
| Uppruni umsækjenda um alþjóðlega vernd 2017, tíu stærstu hóparnir .....                   | 12 |
| Kyn og aldur umsækjenda um alþjóðlega vernd 2017 .....                                    | 13 |
| Niðurstöður afgreiddra umsókna um alþjóðlega vernd 2017 .....                             | 13 |
| Niðurstöður afgreiddra umsókna um alþjóðlega vernd 2017 eftir kyni.....                   | 14 |
| Veitingar eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir .....                                 | 14 |
| Synjanir í efnismeðferð eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir.....                    | 14 |
| Fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd í þjónustu eftir þjónustuaðila 2017.....            | 15 |
| Ríkisborgararéttur .....  | 16 |
| Umsóknir og ákvarðanir varðandi íslenskan ríkisborgararétt 2015-2017 .....                | 16 |
| Áritanir.....   | 17 |
| Umsóknir og ákvarðanir varðandi áritanir 2015-2017 .....                                  | 17 |

## Inngangur

Gildistaka nýrra heildarlaga um útlendinga (nr. 80/2016) þann 1. janúar 2017 setti mark sitt á störf Útlendingastofnunar á árinu. Í kjarnastarfsemi stofnunarinnar jókst umfang verkefna líkt og undanfarin ár en umsóknnum um dvalarleyfi fjölgaði um 25% frá árinu 2016 og voru 5847 árið 2017. Mest fjölgaði útgefnum leyfum til námsmanna og leyfum sem voru veitt á grundvelli atvinnu. Miklar annir voru jafnframt við vinnslu umsókna um íslenskan ríkisborgararétt sem lagðar voru fyrir Alþingi en tvisvar sinnum fleiri slíkar umsóknir voru lagðar inn árið 2017 en árið á undan.

Umsóknir um alþjóðlega vernd voru rétt um 1100, nánast jafnmargar og á metárinu 2016 þegar fjöldi umsókna rúmlega þrefaldaðist milli ára. Ráðist var í áttak við afgreiðslu umsókna um vernd og fékk stofnunin aukafjárveitingu til tímabundinna ráðninga í því skyni. Mikil áhersla var lögð á styttingu afgreiðslutíma bersýnilega tilhæfulausra umsókna frá ríkisborgurum ríkja á lista yfir örugg upprunaríki. Í kjölfar reglugerðarbreytingar haustið 2017 tókst að ná málsmeðferðartíma þessara umsókna, svokallaðra forgangsmála, niður í 4 daga að jafnaði og dró mjög úr komum umsækjenda frá öruggum upprunaríkjum í byrjun árs 2018.

Um 350 umsækjendur um alþjóðlega vernd dvöldu að jafnaði í búsetuúrræðum Útlendingastofnunar og nutu þjónustu móttöku- og þjónustuteyma stofnunarinnar. Um 230 umsækjendur til viðbótar dvöldu að jafnaði í úrræðum á vegum sveitarfélaganna Reykjavíkur, Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar og nutu þjónustu hjá félagsþjónustum þeirra á grundvelli samninga við Útlendingastofnun.

Í byrjun ársins 2017 var Útlendingastofnun valin til að taka þátt í tilraunaverkefni ríkisins og BSRB um styttingu vinnuvikunnar. Markmiðið með verkefninu er að kanna hvort stytting vinnuvikunnar leiði til gagnkvæms ávinnings starfsmanna og vinnustaða og felst í því að vinnustundum starfsmanna er fækkað úr 40 í 36 á viku án launaskerðinga. Skemmst er frá því að segja að mikil ánægja er meðal starfsmanna og stjórnenda með þátttökuna í verkefninu.


Í desember flutti aðalskrifstofa Útlendingastofnunar úr Skógarhlíð í Reykjavík að Dalvegi 18 í Kópavogi en frá því á árinu 2016 hefur verndarsvið stofnunarinnar verið til húsa að Bæjarhrauni 18 í Hafnarfirði. Við flutninginn á Dalveg batnaði aðstaðan í afgreiðslurými stofnunarinnar til muna til hagsbóta fyrir viðskiptavini.

Ársskýrsla þessi er eingöngu birt með rafrænum hætti og er aðgengileg á vef Útlendingastofnunar, [www.utl.is](http://www.utl.is). Skýrslan gefur raunsanna mynd af starfsemi stofnunarinnar á árinu á grundvelli tölfraeðilegra upplýsinga.

## Mannauður

Í lok árs 2017 voru starfsmenn Útlendingastofnunar 89 talsins, 67 konur og 22 karlar. Meðalaldur var 38 ár, sá yngsti 24 ára og elsti 68 ára. Starfsfólkið hefur ólíkan menntunarbakgrunn en 63 starfsmenn voru með háskólamenntun og 26 með aðra menntun. Flestir þeirra sem voru með háskólamenntun voru lögfræðingar.

### Kyn og menntun starfsmanna Útlendingastofnunar í árslok 2017



## Fjármál og rekstur


Útlendingastofnun hefur tvo fjárlagaliði til umráða, fjárlagalið 06-398 *Útlendingastofnun* og fjárlagalið 06-399 *Hælisleitendur*.

Af liðnum 06-398 Útlendingastofnun greiðist allur kostnaður vegna reksturs Útlendingastofnunar á Dalvegi og laun starfsfólks á leyfasviði, sviði fjármála og reksturs sem og stór hluti launakostnaðar starfsfólks á verndarsviði.

### Rekstraryfirlit fjárlagaliðar 06-398 Útlendingastofnun

|                              | 2015               | 2016               | 2017               |
|------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Tekjur</b>                |                    |                    |                    |
| Sértekjur                    | 25.838.361         | 4.035.143          | 22.554.070         |
| Framlag úr ríkissjóði        | 308.500.000        | 410.300.000        | 539.461.017        |
| Framlag til afskrifta        |                    |                    | 1.631.103          |
| <b>Tekjur samtals</b>        | <b>334.338.361</b> | <b>414.335.143</b> | <b>563.646.190</b> |
| <b>Gjöld</b>                 |                    |                    |                    |
| Laun                         | 267.803.421        | 339.509.811        | 495.075.138        |
| Ferðir og fundir             | 5.711.687          | 9.268.783          | 9.634.123          |
| Rekstrarvörur                | 6.830.234          | 16.281.581         | 36.571.333         |
| Aðkeypt þjónusta             | 21.952.833         | 35.527.148         | 44.344.539         |
| Húsnæði                      | 15.170.066         | 15.056.040         | 24.594.563         |
| Annað                        | 1.645.439          | 3.826.551          | 1.967.360          |
| <b>Gjöld samtals</b>         | <b>319.113.680</b> | <b>419.469.914</b> | <b>612.187.056</b> |
| <b>Tekjuafgangur / halli</b> | <b>15.224.681</b>  | <b>-5.134.771</b>  | <b>-48.540.866</b> |

### Sundurliðun útgjalda fjárlagaliðar 06-398 Útlendingastofnun árið 2017




Af fjárlagaliðnum 06-399 Hælisleitendur er greiddur kostnaður við alla þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, frá því þeir koma til landsins þar til þeir fara af landi brott eða er veitt leyfi til dvalar hér á landi. Þar með talið er kostnaður vegna greiningar- og móttökumiðstöðvar stofnunarinnar í Bæjarhrauni, kostnaður við rekstur búsetuúrræða og launakostnaður starfsfólks Útlendingastofnunar sem starfar við móttöku og þjónustu við umsækjendur um vernd. Af liðnum greiðist jafnframt kostnaður vegna þjónustusamninga stofnunarinnar við sveitarfélög, samnings um talsmannaþjónustu og félagslegan stuðning við Rauða kross Íslands, samninga við lögregluna á Suðurnesjum, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra sem og útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

### Rekstraryfirlit fjárlagaliðar 06-399 Hælisleitendur

|                              | 2015               | 2016                 | 2017                 |
|------------------------------|--------------------|----------------------|----------------------|
| <b>Tekjur</b>                |                    |                      |                      |
| Sértekjur                    | 39.652             | 55.498.726           | 236.750.645          |
| Framlag úr ríkissjóði        | 735.800.000        | 1.895.600.000        | 3.226.331.378        |
| Framlag til afskrifta        |                    |                      | 4.473.115            |
| <b>Tekjur samtals</b>        | <b>735.839.652</b> | <b>1.951.098.726</b> | <b>3.467.555.138</b> |
| <b>Gjöld</b>                 |                    |                      |                      |
| Laun                         | 227.080            | 104.463.914          | 233.292.546          |
| Ferðir og fundir*            | 84.497.769         | 93.906.742           | 147.433.303          |
| Rekstrarvörur                | 5.946.215          | 18.720.451           | 51.443.855           |
| Aðkeypt þjónusta             | 594.587.990        | 1.190.071.068        | 2.181.138.687        |
| Húsnæði                      | 12.509.034         | 318.476.506          | 653.011.534          |
| Annað                        | 58.946.503         | 192.265.084          | 63.906.336           |
| <b>Gjöld samtals</b>         | <b>756.714.591</b> | <b>1.917.903.765</b> | <b>3.330.226.261</b> |
| <b>Tekjuafgangur / halli</b> | <b>-20.874.939</b> | <b>33.194.961</b>    | <b>137.328.877</b>   |

\* Til þessa liðar telst aðeins kostnaður vegna fylgdar umsækjenda um vernd úr landi.

### Sundurliðun útgjalda fjárlagaliðar 06-399 Hælisleitendur árið 2017



Helstu kostnaðarliðir aðkeyptrar þjónustu á fjárlagalið 06-399 Hælisleitendur í m.kr.

| <b>Aðkeypt þjónusta</b>                      | <b>2016</b> | <b>2017</b> |
|--|-------------|-------------|
| Samningar við sveitarfélög                   | 528,3       | 846,6       |
| Öryggisgæsla í búsetuúrræðum                 | 113,2       | 385,4       |
| Greiðslur til umsækjenda um alþjóðlega vernd | 194,5       | 291,0       |
| Flugvéla-leiga                               | 95,2        | 193,5       |
| Heilbrigðisþjónusta                          | 94,0        | 186,3       |
| Ríkislögreglustjóri                          | 57,7        | 126,2       |
| Túlkþjónusta og þýðingar                     | 28,0        | 38,8        |


## Dvalarleyfi

Annar meginþátturinn í starfsemi Útlendingastofnunar er afgreiðsla umsókna um dvalarleyfi. Allir sem eru með ríkisborgararétt í löndum utan EES-svæðisins og Sviss og ætla sér að dvelja á Íslandi lengur en þrjú mánuði þurfa að sækja um dvalarleyfi hér á landi. Umsóknir eru lagðar inn hjá Útlendingastofnun eða embættum sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins.

Fjölgun umsókna um dvalarleyfi nam 57% milli árána 2015 og 2017 þegar heildarfjöldi umsókna var 5847. Þriðjungur umsækjenda voru ríkisborgarar þriggja landa, Bandaríkjanna, Filippseyja og Víetnam, en samanlagt voru umsækjendur af 132 þjóðernum. 51% umsækjenda var kvenkyns og 49% karlkyns.


Hafa ber í huga að sami einstaklingur sækir stundum um fleiri en eitt leyfi á einu ári og því endurspeglar tölur um fjölda umsókna og útgefna dvalarleyfa ekki fjölda einstaklinga. Þá ná tölurnar bæði yfir umsóknir um fyrstu leyfi og endurnýjanir og veita þar af leiðandi ekki upplýsingar um fjölda nýrra innflytjenda frá þriðju ríkjum.

### Umsóknir og ákvarðanir um dvalarleyfi 2015-2017




\* Umsóknir dregnar til baka eða leyfi ekki útgefin því umsækjendur komu ekki til landsins.

### Uppruni umsækjenda um dvalarleyfi 2017, tíu stærstu hóparnir






## Kyn og aldur umsækjenda um dvalarleyfi 2017




## Afgreiddar umsóknir um dvalarleyfi eftir tegundum 2017




Á árinu 2017 voru gefin út 4480 dvalarleyfi, fyrstu leyfi og endurnýjanir, en hlutfall synjana af afgreiddum umsóknum var um 9%. Stærstur hluti útgefina dvalarleyfa var veittur *aðstandendum*, á grundvelli fjölskyldutengsla við íslenska ríkisborgara og erlenda ríkisborgara sem hafa rétt til fjölskyldusameiningar. Annar stærsti hlutinn var veittur *námsmönnum* og þriðji stærsti hlutinn var veittur *á grundvelli atvinnu*. Hlutfall synjana var hæst í flokki atvinnuleyfa en dvalarleyfi á grundvelli atvinnu er aðeins veitt svo fremi að Vinnumálastofnun hafi veitt viðkomandi atvinnuleyfi. Í flokkinn *önnur leyfi* falla ótímabundin dvalarleyfi, dvalarleyfi handa flóttamönnum, dvalarleyfi á grundvelli mannúðar, vistráðningar, sérstakra tengsla og lögmæts tilgangs sem og dvalarleyfi handa trúboðum og sjálfboðaliðum.


## Útgefin aðstandendaleyfi eftir tegundum og kyni 2017




## Afgreiddar umsóknir um aðstandendaleyfi eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir




## Útgefin námsmannaleyfi eftir tegundum og kyni 2017




## Afgreiddar umsóknir um námsmannaleyfi eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir



## Útgefin dvalarleyfi á grundvelli atvinnu eftir tegundum og kyni 2017



## Afgreiddar umsóknir um atvinnuleyfi eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir




## Alþjóðleg vernd

Afgreiðsla umsókna um alþjóðlega vernd og þjónusta við umsækjendur meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá stjórnvöldum er hinn meginpátturinn í starfsemi Útlendingastofnunar. Rétt á vernd sem flóttamenn hér á landi eiga þeir sem sæta ofsóknum í heimalandi sínu eða eiga þar á hættu dauðarefsingu, pyndingar eða ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.


Annað árið í röð var fjöldi umsókna um 1100 en rétt um helmingur umsækjenda kom frá löndum á lista stofnunarinnar yfir örugg upprunaríki. Samanlagt voru umsækjendur á árinu af 64 þjóðernum en helmingur allra umsækjenda kom frá Georgíu og Albaníu. 78% umsækjenda voru karlkyns og 22% kvenkyns. Tæp 40% umsækjanda sóttu um vernd frá byrjun júní til loka ágúst.

### Umsóknir og ákvarðanir um alþjóðlega vernd 2015-2017




\*Umsóknir afgreiddar með endursendingu á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins eða vegna þess að vernd hefur þegar verið veitt í öðru landi. \*\* Umsóknir dregnar til baka eða umsækjendur hverfa frá umsókn.

### Uppruni umsækjenda um alþjóðlega vernd 2017, tíu stærstu hóparnir



## Kyn og aldur umsækjenda um alþjóðlega vernd 2017




Útlendingastofnun tók 730 ákvarðanir varðandi umsóknir um alþjóðlega vernd á árinu 2017. Samtals 457 mál voru tekin til efnislegrar meðferðar en þar af lauk 135 málum með veitingu verndar (84), viðbótarverndar (37) eða dvalarleyfis af mannúðarástæðum (14) og 322 umsóknum var synjað. Af þeim 457 málum sem tekin voru til efnislegrar meðferðar voru 222 mál afgreidd í forgangsmeðferð en flest voru þau bersýnlega tilhæfulausar umsóknir einstaklinga frá öruggum upprunaríkjum. 235 mál voru afgreidd með ákvörðun um endursendingu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar og 38 mál voru ekki tekin til efnislegrar meðferðar vegna þess að viðkomandi höfðu þegar fengið vernd í öðru landi.


Til viðbótar ofantöldu hlutu 563 umsóknir önnur lok. Stærstur hluti þeirra var dreginn til baka en í sumum tilvikum hurfu umsækjendur frá umsókn sinni. Um 90% þessara umsækjenda voru ríkisborgarar ríkja á lista yfir örugg upprunaríki.

Hafa ber í huga að fjöldi ákvarðana endurspeglar ekki fjölda einstaklinga þar sem stundum eru teknar fleiri en ein ákvörðun í máli einstaklings, t.d. þegar kærunefnd útlendingamála hefur vísað máli aftur til meðferðar hjá stofnuninni.


## Niðurstöður afgreiddra umsókna um alþjóðlega vernd 2017




## Niðurstöður afgreiddra umsókna um alþjóðlega vernd 2017 eftir kyni



## Veitingar eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir




## Synjanir í efnismeðferð eftir uppruna 2017, fimm stærstu hóparnir



Umsækjendum um alþjóðlega vernd, sem geta ekki séð um eigin framfærslu á meðan mál þeirra eru til meðferðar, standur til boða þjónusta og aðstoð sem veitt er af móttöku- og þjónustuteymum Útlendingastofnunar, félagsþjónustu Reykjanesbæjar, Reykjavíkur eða Hafnarfjarðarbæjar. Byggir þjónustan hjá sveitarfélögunum á þjónustusamningum sem Útlendingastofnun hefur gert við þau. Samkvæmt samningunum er umsækjanda tryggt húsnæði, fæði og önnur grunnþjónusta, t.a.m. heilbrigðisþjónusta og skólaganga.

Fjöldi umsækjenda í þjónustu var mestur í byrjun ársins 2017 og skýrist það af þeim mikla fjölda sem sótti um vernd á síðustu mánuðum ársins 2016. Framan af árinu 2017 dvaldi stærstur hluti umsækjenda í búsetuurræðum á vegum Útlendingastofnunar en undir lok ársins var fjöldi þeirra sem nutu þjónustu hjá stofnuninni og sveitarfélögunum orðinn jafn.

### Fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd í þjónustu eftir þjónustuaðila 2017






## Ríkisborgararéttur

Útlendingastofnun afgreiðir umsóknir um íslenskan ríkisborgararétt, tilkynningar um íslenskan ríkisborgararétt fyrir börn fædd erlendis sem og beiðnir um endurveitingu íslensks ríkisfangs og lausn frá íslensku ríkisfangi.

### Umsóknir og ákvarðanir varðandi íslenskan ríkisborgararétt 2015-2017



Hluti umsókna varðandi íslenskan ríkisborgararétt, sem lagðar eru inn hjá Útlendingastofnun, eru beiðnir um þingmeðferð umsókna frá umsækjendum sem ekki uppfylla skilyrði fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar í lögum. Útlendingastofnun áframsendir slíkar beiðnir ásamt umsögn til Alþingis til afgreiðslu. Milli árana 2016 og 2017 tvöfaldaðist fjöldi beiðna um þinglega meðferð umsókna um ríkisborgararétt úr 143 í 282.

## Áritanir

Allir áritunarskyldir einstaklingar þurfa að sækja um vegabréfsáritun áður en komið er inn á Schengen-svæðið og til landsins. Vegabréfsáritanir eru meðal annars gefnar út fyrir ferðamenn, fjölskylduheimsóknir, opinber erindi, viðskiptaheimsóknir og námsferðir. Áritanir eru gefnar út í tveimur íslenskum sendiráðum, í Moskvu og Peking. Í fjölmörgum öðrum borgum fara sendiskrifstofur annarra Schengen-ríkja með fyrirsvaer í áritunarmálum fyrir Íslands hönd og sjá um afgreiðslu umsókna á grundvelli tvíhliða samninga. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda áritana sem gefnar hafa verið út til Íslands af fyrirvarsríkjunum að svo stöddu. Langstærstur hluti áritana sem gefnar eru út hér á landi eru veittar erlendum sjómönnum.

### Umsóknir og ákvarðanir varðandi áritanir 2015-2017

